



ADALFUNDUR 23. MARS 2023

DAGSKRÁ OG TILLÖGUR STJÓRNAR

Dagskrá fundarins er eftirfarandi;

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár.
2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári
4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
5. Kjör endurskoðanda félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda
7. Samþykkt starfskjarastefnu félagsins
8. Samþykkt starfsreglna tilnefningarnefndar
9. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins
10. Önnur mál löglega fram borin

Tillögur stjórnar Kaldalóns hf.;

Dagskrárliður 2 – Staðfesting ársreiknings

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2022 verði samþykktur.

Dagskrárliður 3 – Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa vegna næstliðins rekstrarárs.

Greinargerð:

Kaldalón hf. er félag í vaxtarfasa og leggur því til að ekki sé greiddur út arður til hluthafa vegna næstliðins rekstrarárs. Hagnaður félagsins verður nýttur til frekari uppbyggingar félagsins.

Dagskrárliður 4 - Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins

Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu með skriflegum hætti tilkynna stjórn félagsins um framboð eigi síðar en **fimm dögum fyrir aðalfund**. Í tilkynningu skulu frambjóðendur veita upplýsingar um nafn sitt, kennitölu, heimilisfang, aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skulu frambjóðendur einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa félagsins sem eiga meira en 10% hlut í því.

Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar á skrifstofu félagsins og vefsíðu félagsins eigi síðar en **tveimur dögum fyrir hluthafafund**.

Dagskrárliður 5 - Kjör endurskoðenda félagsins

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að PricewaterhouseCoopers ehf. verði kjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

Dagskrárliður 6 - Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að stjórnar- og nefndarlaun fyrir kjörtímabilið 2023-2024 verði eftirfarandi;

- Laun stjórnarmanna verði 271.000 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar tvöföld þóknun stjórnarmanns. Þóknun til varamanna í stjórn verði 81.000 kr. fyrir hvern fund sem varamaður situr.
- Stjórnarmenn í endurskoðunarnefnd fá ekki greitt sérstaklega fyrir að sitja í endurskoðunarnefnd. Aðrir aðilar sem eiga sæti í nefndinni fá greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt tímaskýrslu, enda hafi stjórn fyrirfram samþykkt tímagjaldið. Ekki er greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Stjórnarmenn í starfskjaranefnd fá ekki greitt sérstaklega fyrir að sitja í endurskoðunarnefnd. Aðrir aðilar sem eiga sæti í nefndinni fá greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt tímaskýrslu, enda hafi stjórn fyrirfram samþykkt tímagjaldið. Ekki er greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Nefndarmenn í tilnefningarnefnd fá greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt tímaskýrslu, enda hafi stjórn fyrirfram samþykkt tímagjaldið. Ekki er greitt sérstaklega fyrir formennsku.

Greinargerð:

Grunnur stjórnar- og nefndarlauna er sami og frá fyrra ári uppfærð með þróun launavísitölu milli ára. Ekki voru starfandi undirnefndir á næstliðnu ári. Stjórn leggur til að skipa tilnefningarnefnd og endurskoðunarnefnd á árinu 2023. Lagðar eru fram tillögur um þóknanir vegna vinnu þeirra nefnda fram að næsta aðalfundi félagsins 2024.

Dagskrárliður 7 - Starfskjarastefna

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund félagsins að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt.

Greinargerð:

Stjórn Kaldalóns hf. leggur fram tillögu um breytingar á starfskjarastefnu félagsins sem eru helst þessar:

- Heimild stjórnar til kaupauka og árangurstengdra greiðslna til starfsmanna (þ.m.t. forstjóra og annarra stjórnenda) er settur rammur og er heimild forstjóra til að ákvarðar árangurstengdar greiðslur til starfsmanna, sem fara yfir 25% af árslaunum, t.a.m. bundin því skilyrði að fyrir liggi samþykki stjórnar. Skal stjórn einnig samþykkja áætlun í upphafi hvers árs sem fyrirfram skilgreinir umfang og helstu árangursviðmið sem eru grundvöllur kaupauka ársins.
- Kaldalón hf. hefur frá stofnun lagt áherslu á að tengja hagsmuni starfsmanna við hagsmuni hluthafa. Er því lagt til annars vegar að stjórn félagsins hafi heimild til að setja á stofn kaupréttarkerfi fyrir alla starfsmenn, sem uppfyllir skilyrði 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, og hins vegar að stjórn félagsins sé heimilt að semja við lykilstarfsmenn félagsins í framtíðinni um áskriftar- eða kauprétti innan þeirra heimilda sem samþykktir félagsins kveða á um og til samræmis við ákvæði 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
- Aðrar breytingar sem lagðar eru til á starfskjarastefnu félagsins eru til skýringar og áréttingar og í raun ekki efnislegar.

Samhliða uppfærslu starfskjarastefnu hefur stjórn félagsins sett starfsreglur starfskjaranefndar sem finna má á vefsíðu félagsins.

Dagskrárliður 8 – Starfsreglur tilnefningarnefndar

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund félagsins að framlagðar starfsreglur tilnefningarnefndar verði samþykktar.

Greinargerð:

Um er að ræða nýja starfsreglur en tilnefningarnefnd hefur til þessa ekki verið skipuð. Stjórn fyrirhugar að skipa tilnefningarnefnd í framhaldi af aðalfundi.

Dagskrárliður 9 – Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund félagsins að gerðar verði breytingar á samþykktum félagsins, þar sem lagt er til; a) að bætt verði við nýrri grein 2.3, þar sem stjórn félagsins verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 330.000.000 að nafnvirði, en þó þannig að hækkun nemi ekki meira en 3% af útgefnu hlutafé félagsins, til að efna skuldbindingar gagnvart starfsmönnum félagsins vegna kaupréttar- eða kaupsamninga og/eða samninga um áskriftarréttindi við starfsmenn, til samræmis við starfskjarastefnu; b) að heimild stjórnar félagsins til að hækka hlutafé félagsins samkvæmt grein 2.5 (núverandi grein 2.4) í samþykktum verði framlengd til 30. júní 2024; og c) að bætt verði nýrri grein 3.15 þar sem samningar milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem og aðila sem eru nákomnir þeim, sem nema að raunvirði minnst 1/20 hlutafjár félagsins á undirritunartíma samningsins, skuli lagðir fyrir hluthafafund félagsins til samþykktar, til samræmis við það sem fram kemur 95. gr. a. laga um hlutafélög, þar til hlutabréf félagsins hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Greinargerð:

- Lögð er fram tillaga um að bætt verði við nýrri grein 2.3 þar sem stjórn félagsins verði veitt heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 330.000.000 að nafnvirði, en þó þannig að hækkunin nemi ekki meira en 3% af útgefnu hlutafé félagsins, til þess að efna skuldbindingar gagnvart starfsmönnum félagsins vegna kaupréttar- eða kaupsamninga og/eða samninga um áskriftarréttindi við starfsmenn. Er breyting þessi til samræmis við uppfærða starfskjarastefnu félagsins, þar sem m.a. er gert ráð fyrir annars vegar heimild stjórnar til að setja á stofn kaupréttarkerfi fyrir alla starfsmenn og hins vegar heimild til að semja við forstjóra og aðra lykilstarfsmenn félagsins um áskriftar- eða kauprétti innan þeirra marka sem fram koma í nýrri grein 2.3 og til samræmis við starfskjarastefnu félagsins. Er tillagan einnig til samræmis við það grundvallarmarkmið félagsins að tengja hagsmuni starfsmanna við hagsmuni hluthafa.
- Er einnig lögð fram tillaga um að framlengd verði heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins samkvæmt grein 2.5 (nú grein 2.4), í tengslum við skráningu félagsins á aðalmarkað Nasdaq Iceland hf., þar sem heimilt er að selja nýútgefna hluti til fjárfesta í tengslum við skráninguna, en fyrirbyggjandi heimild rann út þann 16. desember sl.
- Þá er lögð fram tillaga um að bætt verði nýrri grein 3.15 þar sem samningar milli félagsins og hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra félagsins, sem og aðila sem eru nákomnir þeim, sem nema að raunvirði minnst 1/20 hlutafjár félagsins á undirritunartíma samningsins, skuli lagðir fyrir hluthafafund félagsins til samþykktar. Er greinin að mestu efnislega samhljóða 95. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, og verði tillagan samþykkt er félagið að setja sér strangar kröfur um stjórnunarhætti heldur en gildir skv. lögum, þar sem ákvæði 95. gr. a. á ekki við um félög sem hafa tekið verðbréf sín til viðskipta á markaðstorgi verðbréfa (First North). Lagt er til að áskilnaður um samþykki hluthafafundar falli niður verði hlutabréf félagsins tekin til viðskipta á skipulegum markaði, en þá taka við reglur sem gilda um félög sem hafa fengið hlutabréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Reykjavík, 2. mars 2023
F.h. stjórnar Kaldalóns hf.

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason
stjórnarformaður